UMHVERFIS
STOFNUN

Silungur - eldisstöð ehf.
Pósthólf 44
276 Mosfellsbær

Akureyri, 1. júlí 2021
UST202001-203/S.R.B.
08.12.01

**Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi Silungs eldisstöð ehf.**

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar frá Silung eldisstöð ehf. vegna starfsleyfis til landeldis að Laxalóni, Reykjavík.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 15 tonn á hverjum tíma og ársframleiðsla sömuleiðis ekki yfir 15 tonn.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 1. júlí 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri

Fullgild rafræn undirskrift
STEINAR RAFN BECK BALDURSSON
2021-07-01 11:16:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVERRIR AÐALSTEINN JÓNSSON
2021-07-01 11:30:52 GMT
Ástæða: Undirskrift